

að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 64

24. apríl

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 22 1. apríl 1936, og síðari breytingar á henni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. apríl 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigurðar á Núpi og Sæmundar í Stóru-Mörk“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. maí 1946. 65 2. maí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurðar á Núpi og Sæmundar í Stóru-Mörk.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöfum frá búandi fólki í Vestur-Eyjafjallahreppi á sjötugsafmæli þeirra Sigurðar bónda Ólafssonar á Núpi og Sæmundar hreppstjóra Einarssonar í Stóru-Mörk í virðingar- og þakklætisskyni fyrir langt og heillarikt starf þeirra í þágu Vestur-Eyfellinga.

2. gr.

Sjóðurinn er að upphæð kr. 1000.00. Skal hann ávaxtast í Aðaldeild Söfnunar-sjóðs Íslands og má aldrei skerða höfuðstól hans.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 Vestur-Eyfellingar: sóknarpresturinn, hreppstjóri og oddviti. Náist eigi að skipa stjórnina að fullu með þessum hætti skal hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps kjósa mann eða menn til viðbótar, þannig að full tala fáiist, og er slíkt kjör til þriggja ára í senn. Stjórn sjóðsins skal hafa á hendi reikningsskil hans, ákveður hver eða hverjir skuli styrk hljóta og hvernig upphæð skiptist, ef um fleiri en einn ræðir.

4. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins eru kr. 200.00 skulu til útborgunar falla $\frac{3}{4}$ hlutar ársvaxtanna, en $\frac{1}{4}$ hluti þeirra skal ætíð lagður við höfuðstól.

5. gr.

Vöxtum þeim, er samkvæmt 4. gr. árlega falla til útborgunar skal varið til að styrkja fátæka og efnilega unga menn í Vestur-Eyjafjallahreppi, sem nám stunda í búfræðum eða sjómannafræðum.

6. gr.

Komi ár, sem engir eru fyrir, er styrk hljóta, skal leggja alla ársvextina við höfuðstólinn það ár.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á þessari skipulagsskrá.

Jón M. Guðjónsson,
prestur, Holti.

Kristján Ólafsson,
oddviti, Seljalandi.